

Iðjubjálfi í Geðhjálp

NÝLEGA tók greinarhöfundur til starfa sem iðjubjálfi hjá Geðhjálp.

Iðjubjálfar eru sérhæfðir í að vinna með skjólstæðingum sínum á heildrænan hátt og í þeirra umhverfi. Þegar um geðsjúkdóma er að ræða getur verið um vandamál að ræða eins og skerta starfshæfni, samneyti við aðra getur orðið erfitt, framtaksleysi, einangrun og hlutverkamissir. Dagleg iðja, eins og það að halda heimili, stunda

vinnu/skóla, fara á mannámót, getur orðið hindrun. Það getur verið um tímabundna röskun að ræða en einn-



Auður
Axelsdóttir

ákveðin virkni fer fram og unnið er að því að efla félagsleg tengsl gesta. Undirrituð hefur verið fengin til að endurskipuleggja og efla starfsemina. Ég hef lagt áherslu á að efla hópastarf sem mun nýtast breiðari hópi eins og segir að ofan. Þannig er meiningin að geta komið til móts við mismunandi þarfir gesta út frá hæfni og vilja, fjölga þeim hlutverkum innan hússins sem hægt verður að sinna og efla þátttöku

hópsins í að móta þjónustuna. Haldnir eru nú vikulegir húsfundir, morgunhópur er að myndast þar sem lögð er áhersla á neytendaáhrif hvers konar, tölvuver er verið að opna þessa dagana sem án efa kemur til með að nýtast gestum til margvíslegra hluta, m.a. fræðslu, náms og afþreyingar. Sjálfshjálparhópar hafa lengi verið starfandi í húsinu og nú hefur bæst við aðstandendahópur. Aðstandendastarf er mjög mikilvægt hjá félagi eins og Geðhjálp. Því miður vill sá hópur gleymast þegar um geðsjúka er að ræða en þó svo mikilvægur þegar unnið er að bættum aðstæðum einstaklings og bata. Aðrir hópar eru fælmi- og kvíðahópur, eineltishópur og geðhvarfahópur.

Eins og áður segir vinnur iðjubjálfi með skjólstæðingum á heildrænan hátt, þar sem leitast er við að efla sjálfstæði og bætt lífsgæði. Þannig er vel við hæfi að iðjubjálfi vinni hjá félagi eins Geðhjálp sem sinnir hagsmunabaráttu geðsjúkra og vinnur að því að bæta aðstöðu þessa hóps sem og að auka möguleika til meðferðar og starfa.

Geðhjálp

Iðjubjálfi vinnur með skjólstæðingum á heildrænan hátt, segir **Auður Axelsdóttir**. Leitast er við að efla sjálfstæði og auka lífsgæði.

ig getur verið um að ræða varanlegt tap á færni. Iðjubjálfar meta og þjálfa skerta færni til daglegrar iðju og vinna í samvinnu við einstaklinginn markmiðum sem viðkomandi setur sér. Iðjubjálfi leggur áherslu á að sett séu raunhæf markmið sem eru í stöðugri endurskoðun. Leitast er við að draga fram styrkleika einstaklingsins, efla sjálfsbjargargetu og auka lífsfyllingu.

Í Geðhjálp er rekin félagsmiðstöð þar sem er opið mótuneyti alla daga,

Höfundur er iðjubjálfi hjá Geðhjálp.